

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi.

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Skúli Helgason, Salvör Jónsdóttir og Illugi Gunnarsson, nefndarmenn í nefnd um eflingu græna hagkerfisins, Sigrún Hermannsdóttir frá Háskólanum á Bifröst, Jóhannes Sveinbjörnsson og Ólafur Arnalds frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Oddný Anna Björnsdóttir og Dominique Plédel Jónsson frá Samtökum lífrænna neytenda, Bjarni Jónsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Bryndís Skúladóttir og Bjarni Már Gylfason frá Samtökum iðnaðarins, Elvar Knútur Valsson frá iðnaðarráðuneytinu, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Kjartan Bollason frá félagi umhverfisfræðinga, Guðmundur Hörður Guðmundsson frá Landvernd, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Brynjólfur Jónsson og Þorbergur Hjalti Jónsson frá Skógfræðingafélagi Íslands, Lárus Ólafsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landsambandi smábátaeigenda. Þá var Aðalsteinn Óskarsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga gestur nefndarinnar í gegnum síma. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Háskólanum á Bifröst, velferðarráðuneytinu, Umferðarstofu, Norðurlandsskógum, Ríkisendurskoðun, Hafrannsóknastofnuninni, Orkustofnun, Valorku ehf., Alþýðusambandi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landssamtökum skógareigenda, Suðurlandsskógum, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landsvirkjun, Matís ohf., Sambandi garðyrkjubænda, Samorku, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skógrækt ríkisins, Stýrihópi um vistvæn innkaup, ferðakostnaðarnefnd, iðnaðarráðuneytinu, Kjartani Bollasyni, Samtökum lífrænna neytenda, Skógfræðingafélagi Íslands, Slow Food í Reykjavík, Viðskiptaráði Íslands, Vesturlandsskógum, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, Háskólanum á Akureyri, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins, Skipulagsstofnun, Vinnueftirlitinu, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu og Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landbúnaðarháskóla Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, utanríkisráðuneytinu, Landssambandi smábátaeigenda, Hagstofu Íslands og umhverfisráðuneytinu.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra að stýra mótun aðgerðaáætlunar um grænt hagkerfi á grundvelli tillagna nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins. Framangreindu til viðbótar inniheldur ályktunartillagan átta stefnumótunatriði sem lagt er til að verði lögð til grundvallar í aðgerðaáætluninni og fjórutíu og átta tillögur sem lagt er til að fái framgang með samþykkt ályktunarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að aðgerðir samkvæmt áætluninni miði að því að Ísland skipi sér á alþjóðavettvangi í fremstu röð sem grænt hagkerfi með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. Í stuttu máli stefnir tillagan að aukinni verðmætasköpun samfara því að dregið verði úr álagi á náttúruna. Þannig verði komið upp grænu hagkerfi sem byggist á

virðingu fyrir náttúrunni og gæðum hennar með hliðsjón af hagsmunum komandi kynslóða, auk þess að svara kröfunni um jafnræði og jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda. Þá byggist tillagan á þeirri sýn að fjölbreytt atvinnulíf sé mikilvæg forsenda sjálfbærrar hagsældar.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og tók eins og fram hefur komið á móti töluverðum fjölda gesta. Þá barst nefndinni nokkur fjöldi umsagna. Í máli gesta og í umfjöllun umsagnaraðila komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og ræddi. Málið er viðamikilið og í eðlilegu samhengi við það voru þær athugasemdir og tillögur sem komu fram nokkuð fjölbreyttar.

Efni þingsályktunartillögunnar kallast á við efni skýrslu nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins frá því í september síðastliðnum en meðal flutningsmanna tillögunnar eru nefndarmenn í téðri nefnd. Málið er flutt af fulltrúum allra flokka á Alþingi.

Almennt voru nefndarmenn nokkuð samstíga við meðferð og afgreiðslu málsins. Þó er sérstaklega gerð grein fyrir sjónarmiðum eins nefndarmanns í skýringum á fyrirvörum hans síðar í álitinu.

Nokkur sjónarmið og athugasemdir tók nefndin til sérstakrar umræðu.

Tímasetningar.

Í nokkrum umsögnum kemur sú skoðun fram að rétt kunni að vera að fara yfir tímaramma sem settir séu í tillögunni og tryggja að fjármagn verði til staðar til að innleiða tillögurnar. Benda sumir þeirra á að óraunsætt sé að hefja framkvæmd meginhluta tillagnanna á einu og sama árinu og því kunni að vera eðlilegt að fara nánar yfir forgangsröðun þeirra með tilliti til þess hve hratt eigi að innleiða græna hagkerfið í ljósi jafnræðis, sjálfbærni kostnaðar, fjárlagagerðar og fjármögnunar verkefna. Að lokum benda Byggðastofnun, Háskólinn á Akureyri og Landvernd á að forsenda kynningar skv. 48. tölul. 3. mgr. tillögunnar sé að stór hluti annarra töluliða hafi þegar komist til framkvæmda. Benda þeir á að það kunni að skerða trúverðugleika Íslendinga á sviði umhverfismála og stefnumótunar almennt ef lagt verði í kynningu samkvæmt töluliðnum áður en búið sé að ná markmiðum tillögunnar.

Nefndin ræddi framangreindar athugasemdir umsagnaraðila. Af tillögunni að dæma virðast flutningsmenn hennar ekki hafa framkvæmt mat á röðun einstakra tillöguliða heldur tíma sett þá þannig að vinna við þá hefðist fljótt. Mat nefndarinnar er að með því móti hafi tillöguhöfundar í raun og veru lagt það í hendur framkvæmdaraðila einstakra tillöguliða að útfæra og skipuleggja framkvæmd þeirra og ákvarða nánar hvenær verði unnt að ljúka vinnunni. Að mati nefndarinnar er slíkt eðlilegt í ljósi þess að möguleikar til gerðar raunhæfra framkvæmdaáætlana eru hvað mestir hjá þeim sem verkefnin eru falin.

Af 24. tölul. 3. mgr. tillögunnar má sjá að flutningsmenn hennar virðast hafa gert ráð fyrir því að tillagan yrði samþykkt sem ályktun Alþingis þegar á árinu 2011. Þar sem svo hefur ekki farið telur nefndin rétt að bæta einu ári almennt við allar tímasetningar tillögunnar. Hlýtur slík tillaga einnig stoð í þeirri staðreynd að samkvæmt fjárlögum ársins 2012 er aðeins gert ráð fyrir 3,1 millj. kr. vegna eflingar græna hagkerfisins.

Skógrækt og vistheimt.¹

Margir umsagnaraðilar sakna þess að ekki sé minnst á skógrækt sem vænlega leið til að ná markmiðum tillögunnar. Hefur komið fram að útbreiðsla skóga hafi stórminnkað hér á landi frá landnámstímanum, úr 25–30% niður í 1%.

Að mati málsmetandi umsagnaraðila nýta fáar greinar innan íslensks hagkerfis sólarorku, vatn og jörð til verðmætasköpunar betur en skógrækt. Af þeim sökum megi segja að hún sé meðal umhverfissvænustu fjárfestingarleiða hér á landi. Mat sumra umsagnaraðila er að það sé raunhæft að ætla að skógrækt skapi þau skilyrði sem þarf til að Ísland taki forustu á sviði grænna hagkerfa verði rétt á málum haldið. Nefndinni bárust m.a. útreikningar frá Skúla Björnssyni, framkvæmdastjóra Barra hf. á Egilsstöðum, þar sem farið var yfir mögulegan viðarvöxt stafafuru og sitkagrenis í Breiðdal. Virðast þeir útreikningar gefa tilefni til hjart-sýni. Til að efla möguleika skógræktar bendir umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands m.a. á nauðsyn þess að samræma lagabálka og endurskoða lög þannig að sömu fjárhagslegu hvatar verði til að endurheimta náttúruskóga á Íslandi og votlendi og nýttir hafa verið þegar kemur að plöntun barrtrjáa.

Einnig er bent á að í tillögunni sé ekkert fjallað um gróðureyðingu og jarðvegsrof sem þó séu meðal stærstu umhverfissvandamála Íslendinga. Virðast margir umsagnaraðila telja að aukið vægi vistkerfa og vistheimtar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda jarðvegs og gróðurs sé grundvallaratriði í grænu hagkerfi, m.a. með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar koltvívíoxíðs. Er því til stuðnings m.a. bent á að gróður, jarðvegur og ástand lands séu mikilvægir þættir í flestum umhverfissáttmálum Sameinuðu þjóðanna. Hefur komið fram að gróíð land hafi á landnámstímanum farið úr 60–70% niður í 40% auk þess sem 50–70% votlendis hafi verið ræst út og þurrkað.

Að mati nefndarinnar skortir nokkuð á að skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis fái þá athygli í þingsályktunartillögunni sem þau eiga skilið. Í greinargerð tillögunnar er reyndar komið stuttlega inn á að sjálfbær skógrækt teljist til grænna starfa sem feli í sér framleiðslu vöru sem hafi í för með sér að stuðlað sé að verndun náttúruauðlinda. Á fundum nefndarinnar var títt bent á mikilvægi þessara þátta við bindingu kolefnis og í því samhengi m.a. bent á þá framtíð sem kaup og sala á losunarheimildum muni hafa í för með sér og þau áhrif sem kolefnisbinding mun mögulega hafa á þörf fyrirtækja til kaupa á slíkum heimildum. Hefur Landgræðsla ríkisins m.a. staðið fyrir mælingum á kolefnisbindingu í landgræðslu-svæðum með það að leiðarljósi að slík binding verði viðurkennd sem frádráttur frá losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum.

¹Hugtakið vistheimt hefur verið skilgreint sem endurheimt hnignaðra vistkerfa. Í ritinu *Vistheimt á Íslandi*, ritstj. Ása L. Aradóttir og Guðmundur Halldórsson. Landbúnaðarháskóli Íslands og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 2011, kemur eftirfarandi fram: „Hugtakið vistheimt er íslensk þýðing á orðasambandinu ecological restoration. Það kemur fyrst fram í grein í Náttúrufræðingnum eftir Ólaf Arnalds frá árinu 1988. Vistheimt hefur undanfarin ár verið að festa sig í sessi sem lýsandi hugtak þegar fjallað er um endurheimt vistkerfa. Þó hugtakið sé tiltölulega nýtt þá hefur vistheimt í einhverri mynd verið stunduð hérlendis um árabil. Allt fram undir 1990 var saga vistheimtar einkum samofin hluta af sögu landgræðslu og skógræktar en á síðari árum hafa þó orðið talsverðar breytingar þar á. Endurheimt votlendis og endurheimt búsvæða fyrir einstaka dýrastofna eru dæmi um nýjar áherslur í starfinu; og landgræðsla gengur í vaxandi mæli út á vistheimt raskaðra vistkerfa út frá vistfræðilegum forsendum í stað hefðbundinna ræktunaraðferða sem voru einkennandi áður fyrr.“

Að mati nefndarinnar er ómögulegt að líta framhjá framkomnum athugasemdum um-sagnaraðila. Telur nefndin t.d. að fjárfesting í skógrækt hljóti að skila Íslendingum arði, hagrænum og umhverfislegum, til lengri tíma litið. Þá virðist raunhæft að vistheimt feli í sér óbein fjárhagsleg verðmæti. Af þeim sökum leggur nefndin til að við 3. mgr. ályktunarorða tillögunnar verði bætt nýjum tölulíð sem feli í sér tillögu um að stuðlað verði að framgangi skógræktar og vistheimtar með sjálfbæra nýtingu og bindingu kolefnis að leiðarljósi. Unnar skuli skógræktar- og vistheimtaráætlanir til 20 ára þar sem samræmdar verði fyrri áætlanir og unnið út frá þeim markmiðum að efla úrræði til stöðvunar gróðureyðingar og auka skóga og skapa með því sjálfbærar auðlindir.

Á fundum nefndarinnar var rætt um kosti og galla þess að brenna íslenskum við, m.a. til að knýja kyndistöðvar og bræðsluofna stóriðjufyrirtækja. Fram kom að þeir aðilar sem helst hafa brennt trjákurli í ofnum sínum hér á landi hafi að langmestu leyti brennt innfluttu kurli. Bent var á að af þeim sökum væri ekki fyrirsjáanlegt að innlend framleiðsla ylli aukningu í viðarbrennslu heldur kæmi hún aðeins í stað innflutts trjákurls. Af þeim sökum ætti ekki að verða aukning í útblæstri mengandi efna undir slíkum kringumstæðum.

Varúðarreglan.

Í d-lið 2. mgr. ályktunarorða tillögunnar er lagt til að stefnumótun græna hagkerfisins byggist m.a. á því að varúðarreglan verði óaðskiljanlegur hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda. Í greinargerð tillögunnar kemur fram sú skýring á inntaki varúðarreglunnar að skorti á vísindalega fullvissu, þar sem hættu er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skuli þeim upplýsingaskorti ekki beitt sem rökum til þess að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Margir umsagnaraðila benda á að skilningur manna á inntaki reglunnar sé ekki einhlítur og jafnvel að síðustu ár hafi óheppilegur skilningur unnið á meðal almennings. Meðal ástæðna þessara ábendinga nefna þeir hættu á að rangur skilningur á reglunni kunni að skapa hættu á að stjórnvöld láti stjórnast af blaðaskrifum, þrýstingi frá hagsmunasamtökum, ótta almennings og upphrópunum, t.d. þegar komi að því að taka ákvarðanir um hvort leyfa skuli einhver nýmæli. Þannig telja sumir þeirra raunverulega hættu á að duttlungar ráði í stað raka og að slík beiting reglunnar geti leitt til stöðnunar.

Í viðauka 2 við þingsályktunartillögunna er bókun frá Illuga Gunnarssyni, alþingismanni og nefndarmanni í nefnd Alþingis um eflingu græna hagkerfisins, vegna varúðarreglunnar. Þar kemur m.a. fram að á fundum nefndarinnar hafi komið fram ólíkur skilningur á inntaki reglunnar. Þá kemur fram að þar hafi m.a. verið vitnað í hvítbók um náttúruvernd á Íslandi. Var það mat þingmannsins að sá skilningur á reglunni sem þar kæmi fram væri ekki heppilegur grunnur að vinnulagi opinberra aðila enda væri ljóst að alltaf væri einhver óvissa uppi þegar að framkvæmdum kæmi enda væru vistkerfi og náttúra flókin fyrirbæri. Telur hann að þessi skilningur reglunnar bjóði heim hættu á að beiting hennar innan stjórnkerfisins dragi úr möguleikum þjóðarinnar til að nýta náttúruauðlindir jafnvel þegar engar vísindalegar sannanir liggja fyrir um skaðsemi tiltekinnar starfsemi. Að lokum setur hann fram þá skoðun sína að miða verði við varúðarreglu sem byggist á ígrunduðu og vísindalegu mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda þar sem að lokum verði lagt mat á þjóðhagslegt og byggðatengt mikilvægi framkvæmda annars vegar og mat á áhrifum á umhverfið hins vegar. Þannig verði að nálgast hvert tilvik fyrir sig á grundvelli þeirra vísindalegu upplýsinga sem fyrir liggja.

Nefndin ræddi inntak varúðarreglunnar og gerði af því tilefni nokkra könnun á því hvaða skilning mætti finna í ritum fræðimanna, lögum og þingmálum lögðum fram á Alþingi.

Af lestri fræðirita má sjá að þau eru oft rituð í skugga ágreinings um það hvort reglunni skuli framfylgt af varúð eða harðfylgi. Þannig virðast þeir sem aðhyllast varúðarbeitingu hennar helst byggja þá skoðun sína á því að beiting hennar geti leitt til ósveigjanleika og jafnvel stöðnunar.² Aftur á móti telja fylgjendur strangrar beitingar reglunnar að hún tryggi að eðlilegt mat á hættu á óæskilegum heilsu- eða umhverfisáhrifum sé gert áður en teknar eru ákvarðanir sem hafa í för með sér að ráðist verði í framkvæmdir eða framleiðslu.³

Við framangreinda könnun kom m.a. í ljós að fjallað er um varúðarregluna í lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum. Í 1. gr. þeirra kemur m.a. fram að tryggja skuli að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðislega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna. Í 4. gr. kemur fram sú skilgreining að varúðarreglan feli í sér að þar sem hættu er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Það feli í sér að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar aðgerða fyrir umhverfið skuli náttúran njóta vafans. Í nefndaráliti umhverfisnefndar um frumvarp það er varð að framangreindum lögum kemur fram að tilgangur skilgreiningarinnar sé að hnykkja á varúðarreglunni. Lögin taka til notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Eiga lögin röt sína að rekja til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Að sama skapi hafa verið lögð þrjú lagafrumvörp fyrir Alþingi um meginreglur umhverfisréttar þó án þess að nokkurt þeirra hafi orðið að lögum og þau lítt verið rædd. Slíkt frumvarp var m.a. lagt fram á 133. löggjafarþingi (þskj. 842, 566. mál) en í því var sérstaklega lagt til að varúðarreglan yrði útfærð með almennum hætti í íslenskum lögum.

Í nánast allri umfjöllun um varúðarregluna er vísað til tilvistar hennar í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar en þó er oft settur sá varnagli að sú útgáfa hennar hafi verið afrakstur málamíðlunar. Fræðimenn virðast almennt sammála um að Ríó-yfirlýsingin frá 1992 hafi ekki stöðu þjóðréttarsamnings en að margar meginreglna hennar hafi haft afgerandi áhrif á þróun umhverfisréttar, bæði hvað varðar þróun alþjóðlegs umhverfisréttar og umhverfisréttar einstakra ríkja.

Varúðarreglan er ein af fimm meginreglum sem fjallað er um í 73. gr. EES-samningsins. Þá er hnykk á henni í aðfaraorðum samningsins. EES-samningurinn hefur lagagildi á Íslandi.

Helsta röksemin að baki varúðarreglunni sem nefnd hefur verið er að „óvissa, yfirleitt vísindaleg óvissa og skortur á upplýsingum, um hvort ákveðnar athafnir (eftir atvikum athafnaleysi) muni hafa óæskileg umhverfisáhrif eigi ekki að leiða til þess að ekki sé gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana, varúðarráðstafana, jafnvel þótt ekki sé mögulegt að sýna fram á orsakatengslin á milli tiltekinnna athafna og áhrifa þeirra“.⁴

Nefndin minnir á að í þingmálinu er lagt til að varúðarreglan verði eitt af þeim atriðum sem leggja verði til grundvallar við mótun efnahags- og atvinnustefnu. Þannig er verið að leggja til að svigrúm stjórnvalda til stefnumótunar verði þrengt að þessu leyti. Skoðun nefndarinnar hefur leitt í ljós að þrátt fyrir að varúðarreglan virðist með hverju árinu sem líður öðlast meira vægi, bæði lagalegt vægi og vægi þegar kemur að stefnumótun, virðist

²Sjá t.d. Cass R. Sunstein: *Laws of fear, behind the precautionary principle*. Cambridge University Press. 2005.

³Sjá t.d. Noah M. Sachs: Rescuing the strong precautionary principle from its critics. *University of Illinois Law review*. 2011, bls. 1285.

⁴Aðalheiður Jóhannsdóttir: Inngangur að meginreglum umhverfisréttar. *Úlfjótur, tímarit laganema*, 3. tbl. 2007, bls. 383.

skilningur manna á inntaki hennar ekki alltaf vera sá sami, sérstaklega hvað varðar þær vísindalegu kröfur sem gera verður til upplýsinga sem ákvörðunartaka samkvæmt reglunni byggist á. Virðast fræðimenn hafa talið að einstök ríki hafi ákveðið svigrúm til útfærslu reglunnar í löggjöf.

Að mati nefndarinnar er ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi álykti að varúðarreglan skuli lögð til grundvallar við stefnumótun á sviði efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda. Engu að síður er ljóst að slík takmörkun á stefnumótunarkostum verður alltaf háð þeirri óvissu sem ríkir um inntak reglunnar og því svigrúmi sem ríki virðast njóta við mótun stefnu og innleiðingu hennar í landsrétt. Þrátt fyrir að umræða hafi átt sér stað á Alþingi um lagafrumvörp sem innihalda umfjöllun um almenna varúðarreglu eða sérstakar útfærslur hennar hefur slík umræða yfirleitt farið fram innan afmarkaðra sviða löggjafar sem um er rætt hverju sinni. Því er nauðsynlegt, eigi að binda hendur stjórnvalda frekar hvað stefnumótunarkosti varðar, að fram fari almenn umræða á Alþingi sem stefni að því að sammælast um mörk slíkrar reglu. Slík umræða verður þó alltaf háð þeim takmörkunum sem leiða má hverju sinni af alþjóðlegum skuldbindingum. Að þessu sögðu er það mat nefndarinnar að ekki verði að svo komnu máli gengið lengra en að áréttu hér það sjónarmið fræðimanna og vettvanga alþjóðasamstarfs⁵ að varúðarreglunni skuli því aðeins beita að vísbendingar um hættu séu mögulega til staðar og henni megi aldrei beita á handahófskenndan hátt.

Tekjur af hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti.

Í 43. tölul. 3. mgr. tillögunnar er lagt til að Alþingi álykti að stuðla beri að því að kolefnisgjald á eldsneyti verði hækkað um þriðjung og tekjum af hækkuninni verði ráðstafað til verkefna sem stuðla að orkuskiptum í samgöngum. Í athugasemdum tillögunnar kemur m.a. fram að með aukinni gjaldtöku sé stefnt að því að hvetja til orkuskipta í samgöngum. Framangreindu til stuðnings er bent á þjóðhagslega þýðingu þess að dregið verði úr innflutningi kolefnaeldsneytis. Þá kemur fram að nágrannaþjódir okkar hafi nýtt styrkjakerfi til að flýta enn frekar fyrir slíkri umbreytingu og því sé skynsamlegt að ráðstafa tekjuaukningunni til verkefna sem stuðli að orkuskiptum í samgöngum.

Ýmsar athugasemdir koma fram um framangreindan lið tillögunnar. Gróflega má flokka þessar athugasemdir í þrennt. Í fyrsta lagi er bent á að kolefnisgjald hafi nýlega verið hækkað og því sé engin ástæða til að hækka það frekar. Í öðru lagi kunni að vera skynsamlegt að ráðstafa þegar innheimtu kolefnisgjaldi eða hluta þess til verkefna sem tengjast orkuskiptum. Í þriðja lagi er tekið undir markmið að baki aukinni innheimtu kolefnisgjalds en jafnframt lagt til að ráðstöfun þess þurfi að taka mið af misjöfnum tækifærum íbúa landsins til þess að bregðast við gjaldtökunni með breyttum samgönguvenjum. Í fjórða lagi er kolefnisgjöldum hafnað á þeim grundvelli að ekki hafi verið sýnt fram á orsakasambandi slíkrar gjaldtöku og breyttra samgönguvenja og bent á að hætta sé á að gjaldtakan verði hrein viðbót í vopnabúr almennrar tekjuöflunar ríkissjóðs.

Með lögum nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var gerð breyting á ákvæðum ýmissa skattalaga, m.a. laga um umhverfis- og auðlindaskatta. Fölu fyrrgreindu lögin m.a. í sér ríflega 30% hækkun kolefnisgjalds á fljótandi jarðefnaeldsneyti. Í frumvarpi til þeirra laga var hækkunin útskýrð sem sérstök tekjuöflunaraðgerð og hluti af ábyrgri umhverfisstefnu.

⁵Sjá t.d. Commission of the European communities: *Communication from the commission on the precautionary principle*. Brussel, 2000.

Ljóst er að framangreint frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum var lagt fram tæplega einum og hálfum mánuði eftir framlagningu tillögunnar. Þá er í 43. lið 3. mgr. ályktunargreinar tillögunnar einnig að finna í skýrslu nefndar Alþingis um græna hagkerfið. Meðal annars af þeim sökum telur nefndin óþarft að gera ráð fyrir hækkun kolefnisgjalds enda hefur sú hækkun þegar átt sér stað. Ekki er þó að sjá að lagðar hafi verið nokkrar línur um ráðstöfun hækkunarinnar sem lög nr. 164/2011 hafði í för með sér. Í athugasemdum tillögunnar er bent á hindranir sem standi í vegi orkuskipta í samgöngum. Er hluta þeirra hindrana lýst sem sjálfhelduvanda, skorti á innviðum til að mæta þörfum nýrra samgöngutækja. Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga er vakin sérstök athygli á því að aðgengi að vistvænum orkugjöfum sé eingöngu til staðar á höfuðborgarsvæðinu og það sé allsendis óljóst hvenær slíkir orkugjafar verði aðgengilegir íbúum landsbyggðarinnar. Af þeim sökum leggur sambandið til að ráðstöfun kolefnisgjalds til uppbyggingar dreifikerfis verði sett í forgang. Að sama skapi leggur sambandið áherslu á að aðrar endurgreiðslur gjalda og styrkveitingar til eflingar grænum atvinnu- og lífsháttum taki mið af þeim aðstöðumun sem er á milli íbúa landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Þá verði að tryggja fjármagn til að mæta væntum samdrætti fjármagns til framkvæmda, viðhalds og þjónustu við vegakerfið.

Á fundum nefndarinnar kom það sjónarmið fram að mögulega hefðu höfundar tillögunnar verið fullbjartsýnir varðandi þróun og framgang tækni þegar kemur að vistvænum orkugjöfum. Mat nefndarinnar er að það sjónarmið eigi rétt á sér. Hefur nefndin ákveðnar áhyggjur af því að of mikil áhersla á orkuskipti geti óbeint komið niður á öðrum kostum sem mögulegir eru til að draga úr orkunotkun og mengun. Telur nefndin að rétt sé að koma til móts við aðra kosti sem varðað geta leiðina að því markmiði sem tillagan stefnir að.

Nefndin tekur að meginhluta undir allar framangreindar athugasemdir umsagnaraðila. Í ljósi alls framangreinds leggur nefndin til þá breytingu á 43. tölul. 3. mgr. tillögunnar að í honum verði lagt til að tekjum af hækkun kolefnisgjalds samkvæmt lögum nr. 164/2011 verði ráðstafað til verkefna sem stuðla að orkuskiptum og orkusparnaði í samgöngum. Við þá ráðstöfun verði jafnræði milli íbúa landsins haft sérstaklega í huga.

Orkunýting og orkuframleiðsla á landbúnaðarjörðum.

Í umsögn auðlindaeildar Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri koma fram athyglisverð sjónarmið. Þar er m.a. gagnrýnt að ekki sé í tillögunni eða greinargerð hennar minnst á möguleika íslensks landbúnaðar í umfjöllun um tækifæri atvinnugreina til að nýta umhverfistækni og græna tækni. Telur hún það miður þar sem rannsóknir og tilraunir hafi sýnt að landbúnaður geti framleitt alla orku til eigin nota, t.d. með því að nota skógarafurðir, lífmassa, búfjárfurðir, seyru eða annan lífrænan úrgang sem til verði á bændabýlum. Þá telur hún brýnt að auka þekkingu á framleiðslu og nýtingu orku framleiddri á bújörðum þannig að mögulegt verði að nýta sem mest af henni.

Í umræðum á fundum nefndarinnar kom fram að Landbúnaðarháskóli Íslands og Bændasamtök Íslands hefðu unnið að áhugaverðu verkefni á sviði nýsköpunar í orkuvinnslu og orkuskiptum. Kom fram að verkefnið miði að því að innleiða í íslenskan landbúnað þekkingu á framleiðslu og nýtingu orku úr lífrænum hráefnum. Þannig væri stefnt að því að nýta sem orkugjafa hráefni sem falla til á búum eða í nágrenni þeirra eða hráefni væru sérstaklega framleidd í ákveðnum tilgangi. Væri ætlun þeirra að greina orkunotkun á bændabýlum og veita ráðgjöf um aðferðir til að minnka orkunotkun og auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku. Takmarkið væri að draga úr nýtingu aðkeyptrar orku um 20% fyrir árslok 2015 og um 80% fyrir árslok 2020. Væri það mat Landbúnaðarháskólans og Bændasamtakanna að með þessu mundi landbúnaðurinn leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýtingar innlendrar endurnýjan-

legrar orku. Til grundvallar þessum áætlunum lægi mat sem gæfi til kynna að úr þeim búfjár-áburði sem þegar félli til mætti auðveldlega framleiða allt það eldsneyti sem þörf væri á til að halda vélum og tækjum meðalbúsins gangandi. Því til viðbótar væri einnig mögulegt að íslenskur landbúnaður gæti framleitt eldsneyti í formi metans sem selja mætti á almennum markaði og slíkt gæfi færi á að auka verðmæti framleiðslunnar enn frekar. Forsenda slíks væri þó að dreifistöðvum um landið yrði fjölgað og þannig að metanvæðing í almennum samgöngum færi hraðar fram.

Skilningur nefndarinnar er sá að landbúnaður eigi sinn hlut í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Fyrirsjáanlegt má telja að framleiðsla metans á bændabýlum geti beint eða óbeint dregið úr slíkri losun og því haft áhrif á heildarkolefnislosun á Íslandi. Efling orkuvinnslu í íslenskum landbúnaði krefst aðkomu margra aðila bæði við uppbyggingu og rekstur. Má sjá fyrir að til verði margvísleg afleiðd störf í tengslum við þá uppbyggingu og mörg þeirra græn. Verði áætlanir Landbúnaðarháskólans og Bændasamtakanna að veruleika verður fleiri stöðum rennt undir atvinnu í dreifbýli. Því ættu orkuvinnsla og framleiðsla orku að verða meðal þeirra þátta sem gætu stuðlað að eflingu og styrkingu íslensks landbúnaðar á sama tíma og stuðlað er að eflingu græna hagkerfisins. Ef rétt er á haldið getur vinnsla orku úr lífrænum hráefnum stuðlað að aukinni hringrás næringarefna í íslensku umhverfi. Slíkt getur dregið úr þörf fyrir tilbúinn áburð og minnkað álag á umhverfið vegna förgunar efna sem ónýtt eru. Að mati nefndarinnar eru hringrás næringarefna afar mikilvægur þáttur í aukinni sjálfbærni samfélagsins. Þá bendir nefndin á að víða til sveita má finna smávirkjanir, vatnsafls-, jarðvarma- eða vindorkuvirkjanir sem telja verður að skapi verulegan ávinning fyrir eflingu græns hagkerfis.

Að framangreindu sögðu leggur nefndin til að við 3. mgr. ályktunarorða tillögunnar verði bætt nýjum tölulíð sem feli í sér þá tillögu að stutt verði við verkefni sem stefni að sjálfbærri orkunýtingu í íslenskum landbúnaði og/eða framleiðslu orku úr hráefni sem verður til við landbúnaðarframleiðslu og á landbúnaðarjörðum.

Lífræn ræktun og hefðbundinn landbúnaður.

Í tillögunni ber landbúnað á góma af tvennu tilefni. Annars vegar í umfjöllun um framkvæmdaáætlun um eflingu lífrænnar landbúnaðarframleiðslu og stuðning við aðlögun landbúnaðarframleiðslu að lífrænni framleiðslu og hins vegar í tillögu um gerð kostnaðar- og ábatagreiningar á framleiðslu lífræns áburðar hér á landi.

Af lestri athugasemda greinargerðar tillögunnar má sjá að höfundar tillögunnar taka mið af því að lífrænn landbúnaður sé sá landbúnaður sem helst beri að stefna að því að efla. Benda þeir m.a. á að „af alþjóðlega viðurkenndum búskaparháttum gang[*i*] lífrænir búskaparhættir lengst í átt til sjálfbærrar þróunar í landbúnaði“. Telja þeir að Ísland sé í hópi þeirra Evrópulanda sem séu skemmt á veg komin hvað lífræna búskaparhætti varði og að svipað sé uppi á teningnum þegar skoðuð séu opinber framlög til lífrænnar framleiðslu. Þá benda þeir á að framleiðendur og seljendur lífrænnar vöru á Íslandi virðist sammála um að eftirspurn eftir lífrænt vottuðum vörum fari vaxandi.

Þá kemur fram það mat flutningsmanna að helsta hindrunin í vegi aukinnar lífrænnar framleiðslu á Íslandi sé skortur á hentugum lífrænum áburði til ræktunar og telja þeir af því tilefni þörf á að huga sérstaklega að framboði á lífrænum áburði á landsvísu. Telja þeir þá framleiðslu einnig geta bætt nýtingu lífræns úrgangs sem falli til hvort eð er í sjávarútvegi, landbúnaði, verslun og á heimilum landsmanna.

Í umsögn auðlindadeildar Landbúnaðarháskólans er mótmælt ákveðnum fullyrðingum sem koma fram um lífræna ræktun í greinargerð tillögunnar. Telur hún að lífræn ræktun gefi að

jafnaði 25–50% minni uppskeru en hefðbundin ræktunarkerfi og það þýði að taka þurfi umtalsvert meira land til ræktunar en ella eigi að ná nægri framleiðslu. Bendir hún á að það geti með tímanum leitt til þess að raska þurfi náttúrulegum vistkerfum sem eftirsjá væri í og að brenna þurfi meiri olíu til að afla hvernar einingar af fœðri eða fæðu sem landið framleiðir. Þá segir hún marga verkþætti krefjast jafnmikillar orku á hvern hektara hvort sem uppskera er mikil eða lítil og að losun koltvísýrings frá vélavinnu á hverja uppskorna einingu fœðurs eða fæðu sé því tvímælalaust meiri í lífrænni ræktun og orkunýting lakari. Í umsögn umhverfisdeildar sama skóla er tillögum er snerta lífræna ræktun fagnað og bent á að erlendis séu stundaðar margvíslegar rannsóknir á vegum háskólasamfélagsins til stuðnings vistvænni og lífrænni framleiðslu. Þá telur umhverfisdeildin að ekki sé rétt að líta aðeins til lífrænnar framleiðslu heldur beri að stefna að því að fjölbreytni verði höfð að leiðarljósi í framleiðslu sem taki tillit til umhverfisverndar og hollustu afurðanna. Er þannig stungið upp á því að í stað orðsins „lífræn“ eigi að ræða hvort til álita komi að setja orðið „vistvæn“.

Ýmsir aðrir umsagnaraðilar virðast telja að hefðbundinn landbúnaður fái heldur kaldar kveðjur í tillögunni og greinargerð hennar þar sem full rík áhersla sé lögð á lífræna ræktun og þannig sé ýjað að því að hefðbundinn landbúnaður framleiði ekki vel neysluhæfar vörur.

Nefndin bendir á að íslenskur landbúnaður er að verulegu leyti vistvænni en sambærilegur landbúnaður víða erlendis. Nefndin tekur undir það markmið að stefnt verði að því að 15% landbúnaðar starfi á lífrænum grunni eins og er víða í nágrannalöndum okkar. Þá er ljóst að tillöguhöfundar hafa talið að með aukningu á lífrænni landbúnaðarframleiðslu væri jafnframt stefnt að aukinni verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði. Þrátt fyrir þetta verður ekki hjá því komist að taka að nokkru leyti undir með umsagnaraðilum um að fögur orð tillöguhöfunda í garð lífræns landbúnaðar og tilfinnanlegur skortur á umfjöllun um hefðbundinn landbúnað skapa ákveðið yfirbragð sem segja má að halli á hefðbundinn landbúnað.

Hvað lífræna ræktun varðar sérstaklega tekur nefndin undir að styðja megi við hana á uppvaxtarárunum. Þannig er ekki óeðlilegt að ríkisvaldið komi að þróun og rannsóknum til undirbúnings slíkrar ræktunar. Tölur um markaðshlutdeild hennar og væntingar þeirra sem til þekkja virðast benda til þess að lífræn ræktun muni sækja í sig veðrið til lengri tíma lítið. Þá virðast margir hafa væntingar um að slík ræktun muni auka tekjumyndun í landbúnaði. Engu að síður tekur nefndin fram að þegar kemur að sölu lífrænna afurða verði þeim gert kleift um síðir að keppa á sömu forsendum og aðrar landbúnaðarvörur.

Ferðaþjónusta.

Í umsögnum umhverfisdeildar Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, umhverfisráðuneytisins og Landverndar koma fram athugasemdir um að á skorti að fjallað sé um ferðaþjónustu í tillögunni. Þannig kemur fram í umsögn Landbúnaðarháskólans að viðurkenna þurfi mikilvægi ferðaþjónustu í íslensku hagkerfi og efla þróun og nýsköpun á því sviði. Í því tilliti þurfi m.a. að líta til þess að ferðaþjónusta sé oft og tíðum valkostur til að þróa byggð frá framleiðsluháttum sem brjóta í bága við umhverfisvernd. Umhverfisráðuneytið tekur undir þetta og telur að e.t.v. hefði mátt fjalla frekar um ferðaþjónustu í tillögunni. Telur ráðuneytið að ferðaþjónusta þurfi meiri athygli og brýnt sé að gæta að náttúruvernd þar sem of mikill ágangur ferðamanna geti valdið skaða á náttúrunni en aukin náttúruvernd geti aftur á móti aukið þolmörk ferðamannastaða. Þá hvetur ráðuneytið til þess að aðgerðir á sviði eflingar stoðkerfis grænnar atvinnustarfsemi taki fullt tillit til ferðaþjónustunnar. Þá leggur Landvernd til að brugðist verði við álagi á ferðamannastaði og auðlindir með því að veita fé til eflingar innviða fjölfarinna ferðamannasvæða.

Nefndin tekur undir þær áhyggjur sem endurspeglast í framangreindum orðum. Á síðustu árum virðist innlend ferðamannaþjónusta vera að vaxa með auknum fjölda ferðamanna. Vera kann að þessi aukning sé að einhverju leyti tímabundin vegna lágs gengis íslensku krónunnar. Það breytir því þó ekki að ákveðinn varkárni þarf að gæta varðandi burðarþol ferðamanna- staða. Er sú fyrirhyggja sem fram kemur í framangreindum umsögnum í samræmi við megin- reglur umhverfisréttar um sjálfbæra þróun. Einnig felst í henni hagræn varkárni í átt til þess að styrkja grundvöll ferðamannaþjónustunnar og milda þannig möguleg áhrif sterkara gengis krónunnar á hann.

Grænn samkeppnissjóður.

Í 18., 19. og 28. tölul. 3. mgr. tillögunnar er fjallað um stofnun nokkurra sjóða. Lagt er til að settur verði á fót grænn samkeppnissjóður sem deild í Tækniþróunarsjóði, að Nýsköpunar- sjóði atvinnulífsins verði falið að vinna að stofnun og rekstri Græns fjárfestingasjóðs og að stofnaður verði sérstakur sjálfbærniþróunarsjóður.

Í umsögn iðnaðarráðuneytisins er gerð sérstök athugasemd við 18. tölul. Kemur þar fram að ráðuneytið telji ákjósanlegra að efla Tækniþróunarsjóð með auknu fjármagni og leggja áherslu á græn matsviðmið við mat á umsóknum frekar en að setja á fót sérstaka deild innan sjóðsins. Sama afstaða kemur í grundvallaratriðum fram í umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunar og þjónustu og Landssambands íslenskra útvegsmanna og umsögn Sam- taka iðnaðarins. Byggist sú afstaða m.a. á því að margar tillögur Vísinda- og tækniráðs hafi gengið út á að einfalda sjóðakerfið og samræma úthlutunarreglur þeirra og að Tækniþróunar- sjóður hafi ekki bolmagn til þess að takast á við slíkt verkefni að óbreyttu.

Á fundum nefndarinnar ræddu nefndarmenn framangreindar athugasemdir umsagnaraðila. Kom þar fram það sjónarmið að ekki gæti talist eðlilegt að ráðist yrði í að stofna sjóði eða deildir sjóða ef líklegt væri að það kynni að hafa í för með sér að draga úr virkni og árangri þeirra sjóða eða sjóðsdeilda sem fyrir eru enda samræmdist slíkt alls ekki markmiðum tillög- unnar.

Skilningur nefndarinnar er að tillöguhöfundar hafi ekki haft í huga að draga úr stuðningi við hefðbundna atvinnustarfsemi eða nýsköpun eða veikja skipulag slíkrar starfsemi. Þvert á móti virðist þeir hafa ætlað tillögum sínum það hlutverk að efla Tækniþróunarsjóð og bæta við sjóðum sem hafi aðrar áherslur en þeir sjóðir sem fyrir eru. Engu að síður tekur nefndin að vissu marki undir með umsagnaraðilum að það kunni að vera æskilegt, þegar mögulegt er, að nýta skipulag og þekkingu innan þeirra sjóða sem þegar eru til staðar frekar en að stofna nýja.

Kostnaðarmat.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. þingskapalaga skal fastanefnd sem mælir með samþykkt þings- ályktunartillögu láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ályktunina hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

1. nóvember 2011 var óskað eftir því við fjármálaráðuneytið að það gerði kostnaðarmat á tillögunni enda var þá fyrirséð að nokkrar líkur væru á því að nefndin mundi mæla með því að hún yrði samþykkt. Erindinu var svarað með bréfi sem barst skrifstofustjóra Alþingis í desembermánuði sl. þar sem beiðni nefndarinnar var hafnað á þeim grundvelli að ráðuneytið hefði ekki bolmagn til að takast á við kostnaðarmatið. Beiðnin var ítrekuð í febrúar sl. en þá var henni hafnað á ný með vísan til fyrra bréfs.

Tillagan er mjög umfangsmikil. Efni hennar felur í sér að hlutast til um gerð aðgerðaáætl- unar sem taki mið af tilgreindum stefnumótunatriðum. Lagt er til að ráðist verði í ákveðin

verkefni í því skyni að stuðla að því að markmið hennar náist. Þannig er eðli tillögunnar að henni er ætlað að móta stefnu og þrengja að stefnumótunarkostum stjórnvalda þó að þeim sé ætlað ákveðið svigrúm til athafna. Í grófum dráttum má skipta þeim verkefnum sem lögð eru til í tillögunni í tvennt, þ.e. annars vegar verkefni sem leiða til þess að ráðast verður í laga-breytingar og hins vegar verkefni sem gera það að verkum að ráðast þarf í skipulagsbreytingar innan stjórnsýslunnar.

Samkvæmt þingskapalögum fylgir kostnaðarmat öllum stjórnarfrumvörpum. Innri skipulagsbreytingar stjórnsýslunnar hljóta ávallt að þurfa að rúmast innan fjárheimilda. Viðbrögð stjórnvalda við stefnumótun tillögunnar munu leiða í ljós hvaða aðgerðir talin verður þörf á að ráðast í. Slíkt mun þó ekki gerast fyrr en Alþingi hefur falið þeim þau verkefni sem í tillögunni felast. Segja má því að samþykkt tillögunnar muni hafa í för með sér að kostnaðarmat hennar verði gert. Annars vegar við undirbúning þeirra stjórnarfrumvarpa sem hún mun hafa í för með sér og hins vegar við undirbúning stjórnvalda vegna frumvarps til fjárlaga hvers árs.

Fyrirvarar Sigurðar Inga Jóhannssonar.

Þingmaðurinn Sigurður Ingi Jóhannsson er meðal þeirra nefndarmanna sem studdi tillögu framsögumanns málsins um að afgangi málið með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í álitinu. Það gerði hann þó með fyrirvörum sem hér verður gerð grein fyrir. Eftirfarandi upptalning á fyrirvörum Sigurðar Inga er þó ekki tæmandi enda telur hann fjölmörg tækifæri fólgin í eflingu græna hagkerfisins og að tillagan sé aðeins fyrsta skrefið í rétta átt.

1. Sigurður Ingi hefur miklar efasemdir um að skynsamlegt sé að samþykkja d-lið stefnumótunatriða 2. mgr. tillögunnar, þ.e. að *varúðarreglan verði óaðskiljanlegur hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda*. Skoðun hans er að á meðan ekki liggi ljóst fyrir að reglan hafi fest sig í sessi og hún hefur ekki verið skilgreind með almennum hætti í lögum geti hún vart verið skynsamlegur grundvöllur heildrænnar stefnu í efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda. Telur hann markmið reglunnar vissulega göfugt en bendir á að markmiðið sem slíkt hafi lítið gildi þegar inntak reglunnar liggur ekki fyrir. Óljóst inntak reglunnar bjóði því heim hættu á því að hún verði túlkuð rúmt sem geti haft stór-skaðlegar afleiðingar í för með sér. Bendir hann á að umfjöllun nefndarinnar um varúðarregluna hafi verið umfangsmikil. Tekur Sigurður Ingi undir orð þeirra umsagnar-aðila sem varað hafa við rúmri eða jafnvel öfgafullri túlkun varúðarreglunnar.
2. Sigurður Ingi tekur undir athugasemdir umsagnaraðila við 6. og 7. tölul. 3. mgr. tillögunnar. Hann bendir á að varað hefur verið við þeim vandkvæðum sem eru við að mæla árangur með svokölluðum GPI-framfarastuðli. Bendir hann einnig á að þar sem stjórnvöld hafi hingað til þverskallast við að láta kostnaðar- og ábatagreiningar fylgja lagafrumvörpum og reglugerðum (sbr. t.d. höfnun fjármálaráðuneytis á beiðni atvinnuveganefndar sem fjallað er um í kaflanum *Kostnaðarmat* hér að framan) hljóti að vera óskynsamlegt að samþykkja tillögu sem hafi í för með sér aukningu kostnaðar við umhverfismat framkvæmda. Telur hann að skynsamlegra væri að stjórnvöld þróðu aðferðafræði og söfnuðu tölulegum upplýsingum sem gerði þeim fært að meta kostnað og ábata ásamt því að reikna framfarastuðla.
3. Hvað varðar 33. og 34. tölul. 3. mgr. tillögunnar tekur Sigurður Ingi sérstaklega undir að hefðbundinn landbúnaður sé á margan hátt betur settur, vistvænni, hérlandis en víða í nágrannaríkjunum enda sé þéttleiki landbúnaðar mun meiri þar en hér. Þetta hafi í för með sér að minni eftirspurn verði eftir lífrænt vottuðum vörum hérlandis en annars staðar. Engu að síður sé sjálfsagt og nauðsynlegt að styðja við bakið á lífrænum landbúnaði

en markmið um að 15% allrar landbúnaðarframleiðslu verði lífræn eftir átta ár sé óraunhæft.

4. Sigurður Ingi hefur efasemdir um að tillögur 36. og 37. tölul. 3. mgr. tillögunnar séu raunhæfar eða skynsamlegar við núverandi aðstæður, sérstaklega í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir þegar kemur að orkuskiptum skipaflotans.
5. Varðandi 40. tölul. 3. mgr. tillögunnar, sem gerir ráð fyrir stofnun sérstaks auðlinda-sjóðs, setur Sigurður Ingi fram almennan fyrirvara og spyr hvort slík sjóðsstofnun sé skynsamleg ráðstöfun. Þá telur hann að ráðstafa beri verulegum hluta auðlindagjalds, sem lagt verði á ýmsar atvinnugreinar, beint til þeirra svæða þar sem auðlindin, frumforsenda gjaldtökkunar, er staðsett og þannig verði þau svæði eflað sérstaklega, m.a. í gegnum jöfnun búsetuskilyrða en einnig með tilliti til stefnumótunar um eflingu græna hagkerfisins.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 2012.

Kristján L. Möller,
form., frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Ólína Þorvarðardóttir.

Björn Valur Gíslason.

Einar K. Guðfinnsson,
með fyrirvara.

Jón Gunnarsson.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
með fyrirvara.

Þór Saari.